


|                   |                                     |   |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b> |  |
| Útgáfa: 08        |                                     |   |
| Dags.: 30.08 2011 |                                     |   |
| Höfundur: HRS     |                                     |   |
| Samþykkt: SHJ     |                                     |   |
| Síða 1 af 2       | <b>ENS 212</b>                      | <b>Kennsluáætlun, Vorönn 2013</b>   |

|                |  |               |            |
|----------------|--|---------------|------------|
| <b>Kennari</b> | Anna Berglind Pálmadóttir<br>Erna H. Gunnarsdóttir | <b>Sk.st.</b> | ABP<br>EHG |
|----------------|--|---------------|------------|

### Áfangalýsing:

**Lestur:** Að nemandinn geti lesið þyngri texta en í fyrri áföngum (ENS 102/202), geti beitt mismunandi lestraraðferðum og sé fær um að notfæra sér mismunandi hjálpargögn við lestur.

**Hlustun:** Geti skilið einfalt, ótextað sjónvarpsefni, myndefni, margmiðlunarefni, útvarpsefni o.s.frv., geti fylgst með og skilið megininntak orðræðu þegar fjallað er um nokkuð sérhæft efni sem hann þekkir og tengist þeim efnisflokkum sem fjallað er um í kennslustundum sem og grunnþáttum *Aðalnámsskrár*, þ.á.m. sjálfbærni, jafnrétti, heilbrigði og velferð.

**Tal:** Geti tjáð sig við algengustu aðstæður í daglegu lífi, geti talað með eðlilegum hraða, geti gefið til kynna virka hlustun með viðeigandi smáorðum eða upphrópunum og geti notað hikorð og nýjan orðaforða sem unnið hefur verið með í efnisflokkum áfangans í nýju samhengi til að tjá eigin hugsun, skoðanir o.s.frv.

**Ritun:** Geti tjáð sig skriflega á skipulegan hátt og í nokkuð löngu máli (40-60 línur eða lengra), hafi náð tókum á grundvallaratriðum í ritgerðasmíð (upphaf, miðja, endir, röksemdafærsla, skipting í efnisgreinar), geti nýtt orðabækur.

Lögð er aukin áhersla á sköpun þar sem nemendur vinna sameiginlega að fjölbreyttum verkefnum.

### Markmið: að nemendur


- geti aflað sér hagnýts orðaforða og styrki málfræðikunnáttu.
- geti tjáð sig á ensku, bæði í talmáli og skriflega.
- geti skilið enskt talmál og hlustunarefni nokkuð óhikað.
- Geti unnið saman í hópum og komist á lýðræðislegan hátt að sameiginlegri niðurstöðu.

### Námsgögn:

- ***Echoes of English - ENS 212, vorönn 2013.*** Hefti sem fæst á skrifstofu VMA.
- ***Boys Don't Cry*** eftir Malorie Blackman. Corgi Books, 2011.

### Áætlun um yfirferð:

| Vika                               | Námsefni (bóklegur hluti)  | Verkefni   |
|------------------------------------|--|--|
| Vikur 2 - 5<br>8. jan. til 1. feb. | <b><i>Echoes of English:</i></b> Kaflar 1 og 2<br><b>Málfræði:</b> Þálíðin tíð (past perfect)<br><b><i>Boys Don't Cry:</i></b> Byrjað að lesa bókina og vinna hópverkefni.                                       | Hópverkefni úr skáldsögu.  |
| Vikur 6 - 9<br>4. feb. til 1. mar. | <b><i>Echoes of English:</i></b> Kaflar 3 og 4<br><b>Málfræði:</b> Tilvísunarsetningar (relative clauses) - Germynd og þolmynd (active and passive)<br><b><i>Boys Don't Cry:</i></b> Klárað að vinna með bókina. | Hópverkefni úr skáldsögu. Flutt í tímum og skilað til kennara.<br><b>Kaflapróf úr <i>EoE</i> köflum 1-3</b><br><b>Book Report</b> úr <i>Boys Don't Cry</i> |

|                   |                                     |   |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b> |  |
| Útgáfa: 08        |                                     |   |
| Dags.: 30.08 2011 |                                     |   |
| Höfundur: HRS     |                                     |   |
| Samþykkt: SHJ     | <b>ENS 212</b>                      |   |
| Síða 2 af 2       | <b>Kennsluáætlun, Vorönn 2013</b>   |   |

| Vika                                  | Námsefni (bóklegur hluti)  | Verkefni  |
|---------------------------------------|--|---|
| Vikur 10 - 12<br>4. mars til 22. mars | <b>Echoes of English:</b> Kaflar 5, 6 og 7   | <b>Hópverkefni</b> – auglýsing og kynning<br><br><b>Ritunarverkefni og kynning</b> - mannréttindi |
| Vikur 14 - 18<br>3. apr. til 30 apr.  | <b>Echoes of English:</b> Kaflar 8 og 9<br><br><b>Málfræði:</b> Skilyrðissetningar (conditional sentences) | <b>Kaflapróf úr EoE köflum 4-8</b><br><b>Hlustunarpróf</b>  |

#### Verkefni / Námsmat og vægi námsþátta:

| Lýsing  | Vægi |
|---|------|
| Kaflapróf (2 próf, 6% hvort)  | 12%  |
| Hópverkefni – auglýsing og kynning  | 10%  |
| Ritunarverkefni og kynning – Mannréttindi   | 8%   |
| Hópverkefni unnin í tímum úr <i>Boys Don't Cry</i> (5%) og Book Report úr <i>Boys Don't Cry</i> (10%) | 15%  |
| Hlustunarpróf   | 5%   |
| Lokapróf  | 50%  |

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, **geti hann sýnt fram á réttmæt forföll**. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn ná einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

Verði nemandi uppvís af ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðar brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 4. janúar 2013

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils